

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2016

- Rekstrartekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi voru 51,3 m€ og 95,2 m€ á fyrri ársfjórðungi (2F 2015: 57,1 m€, 1H 2015: 110,4 m€)
- EBITDA nam 8,6 m€ á öðrum ársfjórðungi og 21,0 m€ á fyrri ársfjórðungi (2F 2015: 9,9 m€, 1H 2015: 31,3 m€)
- Hagnaður á öðrum ársfjórðungi var 6,9 m€ og á fyrri ársfjórðungi 12,5 m€ (2F 2015: 8,2 m€, 1H 2015: 22,0 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 7,1 m€ á fyrri ársfjórðungi (1H 2015: 18,2 m€)

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
Í þúsundum evra	2F2016	2F2015	1H2016	1H2015
Seldar vörur	51.285	57.076	95.236	110.374
Kostnaðarverð seldra vara	(41.358)	(44.630)	(71.544)	(73.144)
Vergur hagnaður	9.927	12.446	23.692	37.230
Aðrar tekjur	0	4.956	0	4.956
Útflutningskostnaður	(2.720)	(3.028)	(5.177)	(6.118)
Annar rekstrarkostnaður	(2.428)	(2.983)	(4.989)	(6.625)
Rekstrarhagnaður	4.779	11.391	13.526	29.443
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(373)	(502)	(691)	(15)
Áhrif hlutdeildarfélagss	2.962	(1.907)	1.750	(2.968)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	7.368	8.982	14.585	26.460
Tekjuskattur	(506)	(763)	(2.098)	(4.437)
Hagnaður tímabilsins	6.862	8.219	12.487	22.023
EBITDA	8.561	9.865	20.962	31.255

Rekstur fyrstu sex mánaða ársins 2016

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrri helmingi ársins 2016 námu 95,2 m€, samanborið við 110,4 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 21,0 m€ eða 22,0% af rekstrartekjum, en var 31,3 m€ eða 28,3% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 0,7 m€, en voru neikvæð um 0,02 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélagss voru jákvæð um 1,8 m€, en voru neikvæð um 3,0 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 14,6 m€ og hagnaður tímabilsins var 12,5 m€.

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2016

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 411,1 m€ í lok júní 2016. Þar af voru fastafjármunir 325,7 m€ og veltufjármunir 85,4 m€. Eigið fé nam 235,6 m€, eiginfjárlutfall í lok júní var 57,3%, en var 62,2% í lok árs 2015. Heildarskuldir félagsins voru í júnílok 175,5 m€.

Efnahagsreikningur 30.06.2016 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.06.2016	31.12.2015
Fastafjármunir	325.726	319.658
Veltufjármunir	85.359	75.708
Eignir samtals	411.085	395.366
Eigið fé	235.582	245.843
Langtímaskuldir	106.710	109.750
Skammtímaskuldir	68.793	39.773
Eigið fé og skuldir samtals.....	411.085	395.366

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 7,1 m€ á tímabilinu, en nam 18,2 m€ á sama tíma fyrra árs. Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 6,9 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 0,3 m€. Handbært fé lækkaði því um 0,02 m€ á tímabilinu og var í lok júní 11,2 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
í þúsundum evra	2016	2015
	1.1.-30.06	1.1.-30.06.
Handbært fé frá rekstri	7.128	18.236
Fjárfestingarhreyfingar	(6.852)	(27.826)
Fjármögnunarhreyfingar	(296)	(6.570)
Lækkun á handbæru fé.....	-20	-16.160
Handbært fé í lok tímabilsins.....	11.184	8.567

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrri árshelming 2016 (1 evra = 141,18 kr) verða tekjur 13,4 milljarðar króna, EBITDA 3,0 milljarður og hagnaður 1,8 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2016 (1 evra = 136,37 kr) verða eignir samtals 56,0 milljarðar króna, skuldir 23,9 milljarðar og eigið fé 32,1 milljarðar.

Skipastóll og afli

Skipafloiti félagsins var óbreyttur frá áramótum.

Á fyrri árshelmingi ársins 2016 var afli skipa félagsins 25 þúsund tonn af botnfiski og 51 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Uppgjör HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2016

Kynningarfundur þann 1. september 2016

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 1. september klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum.